

Mikines

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Mikines – yfirlitssýning

Til 6. apríl 2008. Opið alla daga kl. 10–17. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Aðalsteinn Ingólfsson

LANDSMÖNNUM gefst um þessar mundir tækifæri til að skoða yfirlitssýningu á verkum eftir hinn merka færeyska listmálara Sámál Elias Joensen-Mikines (1906–1979) á Kjarvalsstöðum – og jafnframt að öðlast áhrifamikla innsýn í lífsbaráttu Færeyinga, eins og Mikines þekkti hana. Á sýningunni eru um 50 málverk sem spanna tímabilið frá 1928–1971.

Uppsetning sýningarinnar tekur mið af 3–4 meginþemum Mikiness og er rými salarins skipt í fjögur samsvarandi svæði; innst til hægri má sjá portrettmyndir auk heimildarmyndar um Mikines á sjónvarpsskjá, þá eru málverk sem tengjast lífinu við höfnina og þ.m.t. grindhvaladráp, þriðja svæðið sýnir einnig myndir sem fjalla um dauðann ásamt ýmsu öðru myndefni og síðast en ekki síst er úrval húsa- og landslagsmynda innst til vinstri. Þessi uppsetning varpar ljósi á hvernig Mikines nálgast hugðarefni sín á mismunandi vegu og gefur kost á samburði á efnistöku í verkum af skyldum mótífum en frá ólíkum tímaskiðum. Þannig hangir t.d. í landslagshlutunum elsta verk sýningarinnar „Frá Mykines-eyju“ frá 1928, málað (væntanlega fyrir upphaf náms við listakademíuna í Kaupmannahöfn) í dálitit bernskum stíl, við hlið ólgandi nær-afstraksjónar í „Brim við lendingu“ eftir þroskaðan listamann frá 1952.

Gott er að hafa sýningarskrá við höndina því þar eru verkin talin upp í tímaröð eftir gerð þeirra, en það getur auðveldað áhorfandanum að setja einstök verk í samhengi við stíl- og tæknipróun listamannsins.

Elstu verkin eru flest í portrett-hlutunum, frá fyrri hluta 4. áratugarins þegar Mikines er undir akademískum áhrifum í dempaðri litanotkun og náttúralískri nálgun. Hann er næmur portrettmálari –



Grindhvalaveiði, 1949. „Í miðrymi salarins eru verk áttakamikilla viðfangsefna – túlkun á angst, dauða og einsemd,“ segir meðal annars í umfjöllun.

t.d. birtist Dunga Hans Pauli okkur eins og ljóslifandi væri í verki frá 1934. Expressjónísk áhrif sjást í lausari og tjáningarríki pensilskrift í mynd af skáldinu H.A. Djurhuus frá sama ári. Í verkinu „Móðir mín“ frá 1933 má greina áhrif, m.a. í útlínuteikningu og melankólískri stemningu myndarinnar, frá einum af frumkvöðlum expressjónismans – norska málaranum Edvard Munch, sem var í miklum metum hjá Mikines. Í yngsta verkinu, mynd af reisulegum sjómanni frá 1963, skilar tjáningarkraftur málans og næmleiki – og sálrænt innsæi – hans fyrir persónu fyrirsætunnar sér ekki síður í léttri pensilskrift og finlegum litbrigðum í þunnri áferð. Myndin segir „meira en þúsund orð“ um líf og starf sjómannsins.

Húsa- og landslagsmyndirnar eru flestar málaðar upp úr 1950 með leikandi léttri, en jafnframt kraftmikilli málartækni. Mikines miðlar birtubrigðum í næmri og hárnákvæmri litanotkun. Í þessum verkum nær hann að skapa sterka tilfinningu fyrir flæði og hrynjandi, hvort sem er í þéttum, mettuðum litafliotum eða opnari litafliotum og lausbundnum formum þar sem gjarnan er beitt sköfutaekni.

Mikines er þungavigtarmálari í norrænni myndlistarsögu og hefur auðvitað haft gríðarleg áhrif á færeyska eftirmenn sína í mál-

verkinu. Hann var fjölhæfur listamaður og leitandi í efnistöku og við skoðun sýningarinnar koma ýmsir og ólíkir íslenskir málarafrá hinu móderníska tímabili upp í hugann. Viðfangsefni eru einnig að ýmsu leyti skyld, einkum í sjávarþorpsmyndum og eyjalandslagi. Ætla má að Mikines hafi talsverða þýðingu í íslensku listsögusamhengi en Nesútgáfan gaf nýlega út stórglæsilegt rit um Mikines eftir Aðalsteini Ingólfssoni listfræðing sem einnig er sýningarstjóri sýningarinnar.

Í miðrymi salarins eru verk áttakamikilla viðfangsefna – túlkun á angst, dauða og einsemd. Mörg verkanna eru stór í sniðum, „mónumental“, í meitlaðri myndbyggingu, önnur miðla dramatísku andrúmslofti í ólgandi samspili lita og einfaldaðra forma. Konur og börn sjá eftir skipum leggja úr höfn, grindhvalir sveifla sporðum í dauðastríði. Myndir þar sem mannfólkið tekst á við sorg eftir lát ástvina lýsa þögglum vanmætti. Hin tilvistarlega og tilfinningabundna tjáning er sterkur þáttur í myndlist Mikiness en hún á rætur í reynslu listamannsins, sem líkt og Edvard Munch horfði upp á nána fjölskyldumeðlimi tærast upp af berklum, og í sameiginlegri reynslu og minningum hins litla samfélags.

Anna Jóa

Tvær ólíkar sinfóníur

TÓNLIST

Háskólabíó

Myrkir músíkdagar – Sinfóníutónleikar ★★☆☆☆

John Speight: Sinfónía nr. 4 (frumfl.). Atli Heimir Sveinsson: Sinfónía nr. 3 (frumfl.); einsöngur: Gunnar Guðbjörnsson og Ágúst Ólafsson; bakraddir: Hulda Björk Gardarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir og Hrólfur Sæmundsson. Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi: Roland Kluttig. Fimmtudaginn 6. febrúar kl. 19:30.

SINFÓNÍAN, þetta glæsta stórförm klassískrar tónsköpunar sem borið hefur ágishjálms yfir aðrar hljóðfærageinar allt frá ofanverðri 18. öld, kom eðlilega seint til skjala í íslenskri tónsögu, þ.e.a.s. með hinni stuttu nr. 1 eftir Leif Þórarinnsson frá 1963. Síðan liðu áratugir unz þráðurinn var tekinn upp að nýju, en eftir það hefur orðið æ skemmra högga á milli. Einkanlega úr smíðju þeirra Johns A. Speight og Atla Heimis Sveinssonar er telja verður meðal afkastamestu núlifandi íslenskra tónskálda. Kvað hvor hafa samið a.m.k. fjórar hljómkviður til þessa, og má því segja að músíkafurðir landsmanna séu loks fyrir alvöru farnar að blanda geði við viðfæðustu tónsköpun heimsins.

Aldrei þessu vant var frumflutningur tveggja nýrra íslenskra sinfónía í boði á tónleikum Myrkra músíkdaga í Háskólabíó á fimmtudagskvöld; ef að líkum lætur í fyrsta skipti frá því er land byggðist. Hefði þar af leiðandi mátt búast við öllu fjölmennari aðsókn en raun bar vitni, því hún virtist talsvert undir meðallagi. Á hinn bóginn var við einhverja mestu ófærð á höfudborgarsvæðinu að etja í allavega umgenna minnum. Hvort það merki að jeppaeigendur séu flestir óvilhallir nýrri tónlist verður hins vegar að liggja á milli hluta.

Öllu má nafn gefa segir mál-tækni, og gildir það sannarlega ekki sít um sinfóníugrein nútímans. Frá því að vera tiltölulega afmarkað fjórþætt stórförm í vínarklassík og rómantík hefur hún fallið undir æ víðari skilgreiningu unz hún merkti

nánast aðeins stórt hljómsveitarverk með eða án einsöngs og/eða kórs. Það sást og berlega þetta kvöld. Meðan fimmþætt 4. sinfónía Speights [39'] uppfyllti að mestu hefðbundnar lágmarkskröfur um viðtæka úrvinnslu í t.a.m. anda Mahlers – að sinfónía ætti að endurspeglar veröld í stóru og smáu – virtist nálgun hinnar þriðþættu 3. sinfóníu Atla Heimis [42'] aftur á móti mun þrengri og bar, með áberandi þáttöku tveggja einsöngvara og þriggja „bakradda“ (ígildi kórs), helzt keim af nútíma kammeróperu við sparneytinn ef ekki meinafán hljómsveitarrihátt, að vísu með tíðum hvössum uppbrotum.

Par eð umfjallandi var ekki í aðstöðu til að vipa sér langt fram í tíma varð hann að vanda að takmarka sig við skyndihrif staðar og stundar. Og þó að einstæðar aðstæður ættu í fyllstu sanngirni ekki að sérheimila samburð varð samt ekki við það ráðið, enda hljóta aðrir áheyrendur að hafa gert slíkt hið sama. *Hér-og-nú*-áhrif hvors verks voru nefnilega kolólík, og það sem kann að hafa verið „frumlegast“ í hvoru tilviki skipti mann fljótlega hverfandi máli – hvað svo sem framtíðin leiðir í ljós.

Í þeim samburði hafði að minni vitund sinfónía Johns ótvíráðan vinning. Vel má vera að finna mætti einstaka enduróm úr eldri verkum landa hans eins og Plánetum Holsts, en í mínum huga var verkið umfram allt hlustvænt fram í fingurgóma; fjölbreytt, andstæðuríkt og glæsilega orkestrað. Á móti kom sinfónía Atla Heimis nánast fyrir sem óþarflega einsleit og langdregin lýsing á martröð, þrátt fyrir aðstoð þryðilegra ljóða Heinesens (í þýð. Úlfs Hjörvar), Kazantzakis (þýð. AHS) og Gunnars Gunnarssonar í ágætri söngtúlkun Ágúst Ólafssonar, Gunnars Guðbjörnssonar og aukasöngvara. Hvort tveggja verk í natinni umsjá þýzka hljómsveitarstjórans.

Það er erfitt að spá, einkum um framtíðina. En persónulega myndi ég frekar veðja á langlífi fyrra verksins en hins síðara.

Ríkarður Ö. Pálsson

Leiðsögn um sýningar á lokaspættinum



Halldór Björn Runólfsson

NÚ um helgina lýkur þremur vinsælum sýningum á Listasafni Íslands og af því til efni ætlar Halldór Björn Runólfsson safnstjóri að bjóða síðustu gestunum upp á leiðsögn um sýningarnar.

Par ber fyrst að nefna sýningu á verkum Kristjáns Davíðssonar sem vakið hefur mikla athygli og mun Halldór Björn fara yfir þróunina í verkum listamannsins síðustu sautján árin og segja frá áhrifavöldum á mótunarárum hans. Á því tímabili sem sýningin

spannar gjörbreyttist list Kristjáns bæði listrænt og tæknilega.

Hin stóra sýningin samanstendur af verkum sem Markús Ívarsson járnsmiður safnaði og erfingjar hans færðu Listasafni Íslands að gjöf eftir hans dag. Par má finna mörg af þekktustu íslensku listaverkum fjórða áratugarins og margir af ástsælustu listamönnum þjóðarinnar eiga þar verk. Par má nefna Jóhannes Sveinsson Kjarval, Finn Jónsson og Þorvald Skúlason.

Að lokum verður litið á áhrifamikil verk eftir Katrínu Sigurðardóttur sem nefnist High Plane VI.

Leiðsögnin hefst klukkan 14 á morgun, sunnudaginn 10. febrúar.

Hiin-Husin:

Sérlega vönduð dönsk timbureiningahús byggð og hönnuð fyrir íslenskar aðstæður.

Einingarnar eru samsettar í verksmiðju í Danmörku fluttar hingað heim og svo eru húsin reist af íslenskum byggingameistarum.

Allt byggingarlag húsa er eins og best verður á kosið m.a. er lérki í utanhúsklæðningunni sem þykir sérlega endingargott. Gluggar eru úr mahogany harðviði og gólfplötur steypar með hitaspíral. Einangrun er meiri en gengur og gerist en 8" er í útveggjum og 9" í þaki (Steinull)

Hægt er að fá húsin allt frá uppsettum einingum, eða á einhverju því byggingarstigi sem þér hentar best. Sjá má margar skemmtilegar útfærslur á heimasíðu Hiin-Husin www.hiin.eu en að auki bjóða Hiin-Husin upp á aðstoð við hönnun á þínu draumahúsi. Hiin-Husin hafa þegar reist 2 sýningarhús í skipulögðu sumarhúshverfi úr landi Leirubakka í Landsveit—við Rangá skammt frá Heklu

Uppl. í síma 899-5466 og rgt@hiin.eu



Leikminjasafn Íslands á engan áþreifanlegan samastað að bjóða gestum sínum, en bendir á vefinn

www.leikminjasafn.is

Allir hjartanlega velkomnir!

Opið allan sólarhringinn!

